

Miðvikudaginn 5. ágúst 1981.

Nr. 162/1981. **Ákærvaldið**

gegn

Edvard Lövdahl.

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. f. m., sem barst Hæstarétti 4. þ. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytstur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

[Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins með kröfu hennar um, að varnaraðili skuli sæta gæsluvarðhaldi, er orðrétt tekin upp í hinn kærða úrskurð. Að öðru leyti er engin grein gerð fyrir málavöxtum og ekki sérstaklega að einstökum kæruatriðum vikið af hálfu héraðsdómara. Þá hefur héraðsdómari ekki heldur greint að neinu leyti frá framburði varnaraðilja.

Hinn kærði úrskurður brýtur svo mjög í bága við fyrir-mæli 164. gr. laga nr. 74/1974, að óhjákvæmilegt þykir að ómerkja hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. júlí 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 30. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Edvard Lövdahl, Hörpugötu 12, Reykjavík, fæddur 12. desember 1937, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 12. ágúst nk., kl. 1700, vegna rannsóknar á ætluðum fjársvikum hans.

Málavöxtum er lýst í greinargerð með kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, og segir þar svo orðrétt:

„Við rannsókn á RLR máli nr. 1797/81, sem fjallar um kæru Sigurðar Benediktssonar vegna ætlaðra fjársvika, sem hann taldi sig hafa verið beittan, vöknðu grunsemdir um, að Bjarni Þór Magnússon, Klapparstíg 40 og Guðmundur Daníel Jónsson, Langholtsvegi 35, báðir í Reykjavík, hefðu í stórum stíl gefið út víxla til notkunar í viðskiptum, sem afsagðir hefðu verið sökum greiðslufalls.

Jafnframt vöknðu grunsemdir um, að Agnar Daðason, til heimilis að Maríubakka í Reykjavík, og Edvard Lövdahl, Hörpugötu 12, Reykjavík, hefðu með sviksamlegum hætti fengið þá Bjarna og Guðmund til að undirrita víxla.

Fjölmargar skýrslur hafa verið teknar af þeim Bjarna Þór Magnússyni og Guðmundi D. Jónssyni um viðskipti þau, sem þeir hafa átt með víxla við Agnar Daðason og Edvard Lövdahl, og kannast þeir báðir við, að þau hafi verið umtalsverð, og telji þeir sig báðir hafa verið hlunnfarna í viðskiptunum við þá, enda sitji þeir nú uppi með ógreiddar skuldir, en hinir hagnaðinn.

Skýrslur þeirra félaga Bjarna og Guðmundar hafa að nokkru verið kynntar Edvard Lövdahl, en mjög mikið misræmi er í framburði þeirra og hans um þau viðskipti, sem Edvard telur sig hafa átt við þá. Vísast til meðfylgjandi gagna RLR.

Athygli er sérstaklega vakin á viðskiptum Edvards Lövdahl og Guðmundar D. Jónssonar varðandi bifreiðina K-1074 og vörslusviptingu hennar, sem síðar varð, en grunur leikur á, að í því sambandi hafi Edvard Lövdahl haft talsvert fé af Guðmundi með blekkingum, svo sem nánar greinir í gögnum málsins, og þannig gerst brotlegur við 248. og/eða 253. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem í kæru Vals Bragasonar greinir, sem RLR barst í dag, vegna sölu á pylsusúkur í Hafnarfirði þykja sterkar líkur vera á því, að einnig þar hafi Edvard Lövdahl beitt blekkingum til að koma kaupum á. Vísast til rannsóknargagna þar að lútandi, en rétt þykir að benda á, að Edvard Lövdahl er nú undir ákæru, útg. 19/6 1981, fyrir ætluð fjársvik vegna kaupa hans og Arnar

Ingólfssonar á skúrnum í maí 1980 af Eypóri Eðvarðssyni, sbr. lið V, 4 og VI, 2, en mál þetta er höfðað fyrir sakadómi Reykjavíkur.

Rannsókn máls þessa er á algjöru frumstigi, og þykir því nauðsynlegt í þágu hennar og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74, 1974, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, svo sem að framan er krafist, enda þykir hafa verið sýnt fram á, að kærði er undir rökstuddum grun um alvarleg hegningarlagabrot, og rækileg rannsókn verður að fara fram á þætti hans í framvindu þeirra atburða, sem lýst hefur verið í rannsóknargögnum máls þessa.

Eftir er að yfirheyra fjölda aðila, sem borið geta um viðskipti kærða við þá Bjarna og Guðmund, og benda má á, að Agnar Daðason hefur farið af landi brott vegna máls þessa að því talið er, þannig að eigi hefur verið hægt að yfirheyra hann.“

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og þar sem ætla má, að kærði geti spillt sakargögnum, ef hann hefur óskert frelsi, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. ágúst 1981, klukkan 1700.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu skv. ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Edvard Lövdahl, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. ágúst 1981, klukkan 1700.
